

Dagsbrúnar, þá verður að telja, að stefnanda hafi, af samhengi síðara liðs samþykktarinnar við þann fyrri, mátt vera nægilega ljóst, að sú var tilætlunin. Ber því einnig að sýkna stefnda af kröfu stefnanda að því er þetta málsatriði snertir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlífar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júní 1947.

Nr. 4/1947. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Síldarverk-  
smiðja ríkisins** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)  
gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafé-  
lagsins Þróttar** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Einar Arnalds borgardómari í stað Ísleifs  
Árnasonar prófessors.

**Úrskurður:**<sup>1)</sup>

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Síldarverksmiðja ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði með stefnu útgefinni 20. f. m. Gerir stefnandi þessar dómkröfur:

að viðurkennt verði, að lögmæt sé atkvæðagreiðsla sú, er sáttasemjari lét fram fara um miðlunartillögu sína, dags. 5. júní s. l., meðal félagsmanna í verkamannafélaginu Þrótti á Siglufirði dagana 6. og 7. júní 1947,

að viðurkennt verði, að samþykkt félagsmanna verkamannafélagsins Þróttar við téða atkvæðagreiðslu annars vegar og samþykkt stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins hins vegar hafi skapað bindandi samning milli aðilja um kaup og kjör félagsmanna téðs verkamannafélags við Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði,

1) Mál þetta var hafið 7. júlí 1947.

að stjórn verkamannafélagsins Þróttar verði dæmd til að undirrita með stjórn Sildarverksmiðja ríkisins samning í samræmi við þetta, að viðlögðum sektum til stefnanda, kr. 1000.00, eða annarri upphæð eftir mati dómsins, fyrir hvern dag, er líður frá löglegri birtingu dóms í málinu, unz undirskrift samnings fer fram af hálfu stjórnar nefnds verkamannafélags,

að verkfall verkamannafélagsins Þróttar hjá sildarverksmiðjunum á Siglufirði verði dæmt ólöglegt,

að stefndi verði dæmdur bótaskyldur til Sildarverksmiðja ríkisins fyrir allt það tjón, er þær kunna að bíða af hinu ólöglega verkfalli,

að stefndi verði dæmdur til að sæta refsingu lögum samkvæmt fyrir mótþróa sinn gegn fyrirmælum sáttasemjara um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu hans frá 5. júní s.l., fyrir ólöglegan áróður í sambandi við atkvæðagreiðsluna 6. og 7. s. m. um greinda miðlunartillögu, fyrir synjun sína á að undirrita samning í samræmi við hina samþykktu miðlunartillögu og fyrir hið ólögmeta verkfall hjá Sildarverksmiðjum ríkisins, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var þingfest 23. þ. m. og fékk þá umboðsmaður stefnda frest til 28. s. m. til þess að rita greinargerð í málinu. Í þinghaldi þann dag kom fram greinargerð af hálfu stefnda og fengu þá umboðsmenn aðilja frest til gagnasöfnunar til dagsins í dag. Voru í dag lögð fram ýmis gögn af hálfu beggja aðilja, jafnframt því að vitnaleiðsla fór fram. Umboðsmaður stefnanda taldi gagnasöfnun lokið af sinni hálfu, en umboðsmaður stefnda óskaði eftir viku fresti til gagnasöfnunar og bar fram þær ástæður, að hann þyrfti að láta endurrita þing skjöl þau, er hann lagði fram í dag, og útvega félagaskrá eða kjörskrá verkamannafélagsins Þróttar og enn fremur vottorð og fleiri gögn.

Umboðsmaður stefnanda taldi stefnda þegar hafa haft nægan frest til að koma að gögnum í málinu og mótmælti öllum frekari fresti í þessu skyni.

Var atriðið síðar tekið til úrskurðar.

Við þingfestingu málsins skoraði umboðsmaður stefnanda

á stefnda að leggja fram félagatal Þróttar eða kjörskrá félagsins, ef hann véfengdi, að þeir, sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu héraðssáttasemjara 6. og 7. þ. m., væru löglegir félagar í verkamannafélaginu Þrótti. Jafnframt beindi dómurinn þeim tilmælu til umboðsmanns stefnda, að hann hlutaðizt til um, að lagt yrði fram í málinu framangreint félagatal eða kjörskrá. Þessi tilmæli ítrekaði umboðsmaður stefnanda og dómurinn í þinghaldi árdegis 23. þ. m. Telja verður, að stefnda hafi gefizt nægur tími til þess að leggja fram félagatal sitt eða kjörskrá. Verður frekari frestur því ekki veittur í þessu skyni. Stefndi hefur ekki gert næga grein fyrir því, hvaða annarra gagna hann hyggst að afla, og verða honum því ekki veittir frekari frestir til gagnaöflunar, enda hlutast dómurinn sjálfur til um endurritun þeirra skjala, er umboðsmaður stefnda lagði fram í dag.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er ekki veittur.

Mánudaginn 15. desember 1947.

Nr. 3/1946. **Véltjórafélag Íslands** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)  
 gegn

**Skipaúngerð ríkisins** (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi um rétt véltjóra til kaupuppbótar, ef véltjórar eru færri á skipi en lögmaelt er.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 20. sept. f. á. af Véltjórafélagi Íslands gegn Skipaúngerð ríkisins.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 9. nóvember 1945 fór varðskipið Ægír til Kaupmannahafnar til viðgerðar. Kom skipið þangað 17. sama mánaðar. Var það til viðgerðar þar næstu mánuði. Frá Kaupmannahöfn fór það 18. apríl 1946 og kom til Reykjavíkur 24. s. m. Er skipið sigldi frá Reykjavík 9. nóv. 1945, voru ekki nema 3 véltjórar á því, en miðað við vélarstærð þess áttu þeir, samkvæmt þágildandi lögum og samningum véltjórafélagsins við stefnda, að vera fjórir.

Í 4. mgr. 4. gr. kjarasamnings þess, dags. 21. des. 1945, sem